

**Viðskiptaráðuneyti
b/t Jónínu S. Lárusdóttur, skrifstofustjóra
Arnarhvoli
150 Reykjavík**



Reykjavík, 15. nóvember 2006.

Efni: Drög dags. 2/11 2006 að frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005

Viðskiptaráð þakkar ráðuneytinu fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind frumvarpsdrög.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála

Í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir að áfrýjunarnefnd samkeppnismála verði lögð niður. Skv. greinargerð með frumvarpsdrögunum er það m.a. gert vegna þess að kostnaðarsamt geti verið að reka mál fyrir nefndinni fyrst og svo fyrir almennum dómstólum. Reynsla aðildarfyrirtækja Viðskiptaráðs sýnir að málarekstur fyrir áfrýjunarnefndinni sé kostnaðarminni en málarekstur fyrir dómstólum. Þá er á það bent í greinargerð að aðeins 16% úrskurða nefndarinnar sé skotið til dómstóla. Afnáam nefndarinnar myndi því valda auknum kostnaði fyrir flesta sem þurfa að reka mál vegna samkeppnislaga. Þá er og ljóst að verðmæta sérfræðipekking myndi glatast ef nefndin væri lögð niður. Viðskiptaráð leggst því gegn því að áfrýjunarnefnd samkeppnislaga verði lögð niður.

Fyrning heimildir til að leggja á stjórnvaldssekt

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að heimild Samkeppniseftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar 10 ár eru liðin frá því að háttseminni lauk. Skv. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald ber að geyma bókhaldsgögn í 7 ár. Skv. 8. mgr. 110. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt fyrnist sök skv. þeim lögum á 6 árum. Verður slíkur fyrningartími að teljast mun nærtækari, enda glatast aðalsönnunargögn í slíkum málum þegar bókhaldsgögnum er eytt. Því er tilgangslaust að láta slíkan frest vara fram yfir það tímamark. Þess má einnig geta að varnaðaráhrif refsinga eru þeim mun minni eftir því sem lengri tími liður á milli brots og refsingar. Viðskiptaráð leggur því til að heimild Samkeppniseftirlitsins til að leggja á sekt falli niður þegar 6 ár eru liðin frá því að háttseminni lauk.

Þyngd refsinga

Í 10. gr. frumvarpsdraganna er lagt til að hægt sé að dæma þá er gerast brotlegir við lögin í allt að 6 ára fangelsi vegna þeirra brota sem talin eru vera alvarlegust, ella allt að tveggja eða þriggja ára fangelsi. Skv. 1. másl. 1. mgr. 42. gr. núgildandi laga er refsihámarkið almennt tvö ár, ella 4 ár ef sakir eru miklar. Í greinargerð eru rökin fyrir þessari refsipýngingu sögð vera alvarleiki brotanna auk þess sem 6 ára refsihámark sé í Noregi. Ekki er greint frá því hvert refsihámarkið er í öðrum löndum eða af hverju Noregur þyki vera sérstaklega til fyrirmyndar hvað varðar

samkeppnisreglur. Þá er ekki útskýrt af hverju brot þau er lögin varðar teljist alvarlegri nú en fyrir ári síðan þegar núgildandi lög voru sett. Ekki eru nefndir neinir dómar þar sem núverandi refsiramma var nýttur til hins ýtrasta. Í ljósi þess hve íþyngjandi fangelsisrefsingar eru verður að gera þá kröfu að harðari refsingar séu ekki lagðar á með lögum nema að vel yfirlögðu ráði og að þörf sé sannanlega á því. Ekki verður talið að sýnt sé fram á það í greinargerðinni. Viðskiptaráð leggur því til að brot gegn samkeppnislögum varði ekki lengra en 4 ára fangelsi.

Viðskiptaráð gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpsdrögin.

Virðingarfyllst,

Davíð Þorláksson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands